

Fundargerð 114. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 15. júní 2017 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Jón Jóhannsson, Andrés Bjarnason, Símon Guðvarður Jónsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Kristmundur Skarphéðinsson.

Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinsson

Í gengnum fjarfundabúnað: Guðmundur Sigurvinsson og Guðni Þór Elísson.

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 113
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Aukaársfundir Gildis og Birtu lífeyrissjóða
4. Bréf til stjórnar VM frá félagsmönnum VM hjá ÍSAL
5. Nefndir VM
6. Breyting á lögum nr. 30/2007 um áhafnir skipa.
7. Saga netagerðar
8. Lagt fram til upplýsingar

Önnur mál

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 113

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

Það gengur illa að gera kjarasamning fyrir hvalaskoðun og fiskeldi. Núna er verið að bíða eftir að sáttasemjari boði til fundar. Ef ekkert kemur út úr þeim fundi þá þurfum við að fara í aðgerðir.

Fundur var með SFS vegna bókana í síðasta kjarasamningi.

Mæting í útgáfuhóf Sögu Vélstjórstéttarinnar mjög léleg og enginn stjórnarmaður á staðnum.

Einhverjir höfðu þó boðað forföll

Vinnufundur ASÍ um skipulagsmál innan verkalýðsfélaga. Ljóst er að taka þarf á skipulagsmálum en það verður spennandi að sjá hvað kemur út hópavinnunni.

Neistinn var afhentur á sjómannadaginn.

Tímarit VM er komið úr prentun og er í dreifingu.

3. Aukaársfundur Gildis og Birtu lífeyrissjóða

Lögin um viðbótarframlagið eru komin en það má enginn sjá þau. Verið er að stofna nýja leið hjá Lífeyrissjóðunum þar sem þessi 3,5 % geta farið í bundna séreign. Auka ársfundur verður hjá Birtu og Gildi 22. júní þar sem samþykkja á breytingar á samþykktum sjóðanna.

4. Bréf til stjórnar VM frá félagsmönnum VM hjá ÍSAL

Bréfi sem barst stjórn frá starfsmönnum ÍSAL. Búið væri að leysa málið með starfsmannastjóra, tillaga var frá trúnaðarmanni að haldinn yrði fundur í haust með starfsmönnum því finna þarf leið til að leysa ágreining um útfærslu á fylgiskjali 19.

5. Nefndir VM

Listi lagður fram l yfir nefndið VM og hverjir sitja í þeim.

6. Breyting á lögum nr. 30/2007 um áhafnir skipa

Frumvarpið lagt fram til upplýsinga. VM mótmælti þessum breytingum og þá voru lóðs- og dráttarbatarnir teknir út en ekki vinnuskip sjókvíaeldisstöðva. Ekki er vitað hvernig ráðuneytið ætlar að vinna nýja reglugerð um mönnun vinnuskipa.

7. Saga netagerðar

Óskaði eftir heimild frá stjórn til að fá kostnaðaráætlun vegna skrifa sögu netagerðarinnar.

8. Lagt fram til upplýsingar

Þakkarbréf frá Fjölbautarskóla Norðurlands

Úthlutun styrkja úr Akki.

ISO 55000 Þýðingar og styrktaraðilar. Stjórnarmenn voru á því að VM myndi ekki styrkja þetta.

9. Önnur mál

Tillaga um að næsti aðalfundur yrði á miðvikudegi, 25. apríl 2018 og var það samþykkt. Hugmynd er um að vera með fjarfundi í tengslum við aðalfundinn og er verið að vinna í því máli. Bent var á að ef það væri gert þá þyrfti allt að vera á hreinu varðandi atkvæðagreiðslur og fleira og urðu nokkrar umræðum um hvernig best væri að útfæra það mál.

Laganefnd VM. Búið er að laga textann um vinnureglur laganefndarinnar eins og samþykkt var á síðasta stjórnarfundi. Lögmaður VM fór yfir hann

Rætt um Styrktarsjóð vélstjóra á Ísafirði. Peningar sjóðsins eru ætlaðir í að styrkja einhver verkefni á staðnum. Annar svipaður styrktarsjóður er á Ísafirði (sjóður atvinnurekenda) og ósk hefur borist um að sameina sjóðina undir nafni Styrktarsjóðs vélstjóra á Ísafirði. Samþykkt að fara í þá vinnu.

Spurt var hvort formaðu ætlaði að gefa kost á sér áfram og hvort einhver tímamörk séu á því hvað formaður má sitja lengi. Engin tímamörk eru á formannsembættinu og formaður sagðist ætla að gefa kost á sér áfram.

